

## Hverfisráð Hlíða

Ár 2014, fimmtudaginn 11. desember, var haldinn 114. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða að Laugavegi 77 og hófst kl. 12:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson, Kristján Freyr Halldórsson og Hrefna Guðmundsdóttir. Kristinn Karl Brynjarsson boðaði forföll og sat Sigríður Hallgrímsdóttir fundinn í hans stað. Jóhanna Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Þá sat fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Farið yfir tillögur til framkvæmda í hverfinu eftir hverfakosningar með fagráði. Breytingatillögur hverfisráðs verða sendar verkefnisstjóra Betri hverfa.
2. Farið yfir umsóknir um styrki til Hverfisráðs Hlíða. Tvær umsóknir bárust frá Kampi annars vegar og frá IOGT hins vegar. Styrkumsókn Kamps er samþykkt, en óskað eftir frekari skýringum frá IOGT og formanni falið að afgreiða umsóknina í framhaldi af því.

### Fundi slitið kl. 12:55

Margrét Norðdahl

Hilmar Sigurðsson  
Hrefna Guðmundsdóttir

Kristján Freyr Halldórsson  
Sigríður Hallgrímsdóttir